



ÁRSSKÝRSLA | **OR**  
**2016**





## Útgefandi

Orkuveita Reykjavíkur

## Ritstjórar

Eiríkur Hjálmarsson og Ólöf Snæhólm Baldursdóttir

## Skrá yfir skýrslur, greinar og erindi

Anna Margrét Björnsdóttir

## Ljósmyndir

500px

Einar Magnús Magnússon

Guðmundur Þór Kárason

Haraldur Jónasson

Jóhann Benjamínsson

Nordic Photos/ Getty Images

Torfi Agnarsson

Valur Heiðar Sævarsson

## Hönnun útlits og umbrot

Auglýsingastofan Hvíta húsið

## Prentun

Pixel – Umhverfissvottuð prentsmiðja

Starfsemi OR nýtur óháðrar gæðavottunar

---



Jafnlaunaúttekt  
PwC 2016





## Efnisyfirlit

1. kafli	<b>Af vettvangi stjórnar</b> .....	5
2. kafli	<b>Frá forstjóra</b> .....	9
3. kafli	<b>Árið í hnotskurn</b> .....	12
4. kafli	<b>Fjármál</b> .....	15
5. kafli	<b>Veitur</b> .....	23
6. kafli	<b>Orka náttúrunnar</b> .....	29
7. kafli	<b>Gagnaveita Reykjavíkur</b> .....	35
8. kafli	<b>Virðisæðja og hagsmunaaðilar</b> .....	38
9. kafli	<b>Mannauður og öryggi</b> .....	41
10. kafli	<b>Útgefnar skýrslur og greinar</b> .....	47
11. kafli	<b>Sjálfbærnisvar (GRI)</b> .....	51







## 1. kafli

Af vettvangi stjórnar


# Af vettvangi stjórnar

Orkuveita Reykjavíkur er umhverfisfyrirtæki sem vinnur að því að samfélögin á þjónustusvæði þess séu sjálfbær. Þannig lýsti borgarstjórnin í Reykjavík viðhorfi sínu til Orkuveitunnar á opnum ársfundi fyrirtækisins í apríl 2016. Það er sannarlega verðugt verkefni og mikilvægt að efla sjálfbærni samfélaga og til að geta sinnt því þurfa OR og dótturfélögin Veitur, Orka náttúrunnar og Gagna-veita Reykjavíkur að standast sjálfbærni-kröfur í eigin starfsemi.

Orkuveitan býr svo vel að eigendur fyrirtækisins – Reykjavíkurborg, Akranes-kaupstaður og Borgarbyggð – hafa sett fyrirtækinu eigendastefnu. Á grunni hennar og sameignarsamnings hefur stjórn OR markað samstæðunni stefnu í málaflökkum þar sem eigendur leggja sérstaka áherslu á að ná árangri. Árlega leggur stjórn fyrir eigendur skýrslu um framfylgd þeirrar stefnu.

Eitt leiðarljósa eigendastefnunnar er að fyrirtækið leggi rækt við samfélagslega ábyrgð sína. Af því sjálfbærni er ekki einhlít heldur háð því hversu vel fyrirtækið er í stakk búið að mæta breytingum í samfélagi og umhverfi, hefur OR lagt áherslu á það í innleiðingu samfélagsábyrgðar að gera sem gleggsta og nákvæmasta grein fyrir starfsemi fyrirtækjanna í samstæðunni. Í þessari árlegu skýrslugjöf sem felst í útgáfu árskýrslu, umhverfisskýrslu og ársreiknings

## YFIRLIT STEFNUSKJALA INNAN SAMSTÆÐU OR



Myndin gefur yfirlit yfir þau stefnuskjöl sem gilda um starfsemi samstæðu OR, móðurfélags og dótturfélaga.





#### Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur

Stjórnarmenn OR taldir frá vinstri; Björn Bjarki Þorsteinsson áheyrnarfulltrúi, Áslaug Friðriksdóttir, Gylfi Magnússon varaformaður, Valdís Eyjólfssdóttir, Sigríður Rut Júlíusdóttir, Kjartan Magnússon og Brynhildur Davíðsdóttir formaður stjórnar.

er fylgt alþjóðlegum viðmiðum GRI, Global Reporting Initiative, um samfélagsábyrgð. Staða OR samstæðunnar með tilliti til fleiri en hundrað sjálfbærnisvísna er þannig birt á opinberan og gagnsæjan hátt. Orkuveitan eða dótturfyrirtæki hennar hafa ekki sett sér markmið í öllum þeim atriðum sem skýrslugjöfin krefst. Birting upplýsinganna hvetur hinsvegar til umræðu um stöðu OR í samfélaginu og hvernig fyrirtækið sinnir best hlutverki sínu, af ráðdeild og í sátt við umhverfi og samfélag.

Gildi OR og allra dótturfélaganna – **framsýni, hagsýni og heiðarleiki** – eiga að endurspeglast í störfum okkar. Með þessari ítarlegu skýrslugjöf gefst hagsmunaaðilum kostur á að leggja eigið mat á hvort okkur tókst það á árinu 2016.

Í upphafi ársins 2016 var tekin upp sú nýbreytni að birta opinberlega á vef OR fundargögn stjórnar með viðkomandi fundargerðum sem þar hafa verið birtar um árabil. Er það til þess fallið að almenningur

geti betur áttað sig á forsendum þeirra ákvarðana sem stjórn tekur. Á árinu hélt stjórn Orkuveitunnar 13 fundi auk þess að boða til aðalfundar í apríl og reglubundins eigendafundar í nóvember. Einn vinnudagur stjórnar var haldinn.

Fjármál samstæðunnar voru umfangsmikil í störfum stjórnar og ásamt umhverfismálum eru þau fastur liður á stjórnarfundum. Áfram var haldið á braut stefnumiðaðrar fjármála-stjórnar Beyond budgeting og áhættustefna og arðgreiðslustefna fyrirtækisins voru uppfærðar og endurskoðaðar. Gæðastefna var færð til samræmis við önnur stefnuskjöl og jafnréttisstefna OR var endurskoðuð með það að markmiði að skýrt væri að hún væri mannréttindastefna sem kæmi í veg fyrir mismunun af öllu tagi í starfsemi OR samstæðunnar. Jafnrétti kynja er áherslumál stjórnar og til marks um það sýnir útganga fjögurra kvenna af stjórnarfundum OR á kvennafrídaginn samstöðu með baráttunni fyrir launajafnrétti.

Á aðalfundi lét Haraldur Flosi Tryggvason, sem verið hafði formaður stjórnar frá 2010, af stjórnarsetu. Á fundinum þökkðu fulltrúar eigenda honum farsælt starf í þágu fyrirtækisins og hér eru honum færðar þakkir fyrir hönd samstarfsfólks í stjórn OR. Á eigendafundi í nóvember lagði stjórn fram skýrslu um framfylgd eigendastefnu OR og komu þar fram óskir um að sveitarstjórnnum eigenda yrði hér eftir sem áður haldið upplýstum á hverjum tíma um veigamikil viðfangsefni eins og fjármál samstæðunnar og auðlindamál Helliðarvirkjunar.

Starfsmönnum öllum í samstæðu OR, stjórnendum og stjórnarmönnum er þakkað fyrir framlag þeirra til fyrirtækisins árið 2016.

**Brynhildur Davíðsdóttir,**  
formaður stjórnar.





## 2. kafli

Frá forstjóra



# Frá forstjóra



Bjarni Bjarnason  
forstjóri

Þær þarfir sem eigendur Orkuveitu Reykjavíkur hafa falið fyrirtækinu að uppfylla eru tímalausar. Vatn er öllum bráðnauðsynlegt og hreinlæti er brýnt. Á Íslandi þarf að hita upp híbýli og rafmagn knýr nánast öll tæki. Samskipti okkar hvert við annað reiða sig í auknum mæli á öflug fjarskiptakerfi. Rekstur OR og dótturfyrirtækjanna Veitna, Orku náttúrunnar og Gagnaveitu Reykjavíkur þarf því að standast tæknilegar áskoranir og vera sjálfbær. Þjónusta OR byggir á nýtingu fjölbreyttra náttúrugæða sem fyrirtækið hefur tryggt sér aðgang að. Framsýni við nýtingu þeirra er grundvallaratriði í starfsemi og í umhverfisskýrslu OR er nákvæm grein gerð fyrir umfangi og áhrifum auðlindanýtingar fyrirtækjanna í samstæðunni. Markmiðið er að áhrifin af notkun núlifandi kynslóða á auðlindunum séu með þeim hætti að þær standi komandi kynslóðum líka til boða. Að nota ekki meira en náttúran leggur til á hverjum tíma er sú jafnvægislist sem OR og dótturfyrirtækin þurfa að iðka. Á árinu 2016 tókst vel til á flestum sviðum. Flestar vangaveitir í þessum efnunum snúa að háhitauðlindinni á Hellisheiði þar sem nauðsynlegt er flétta saman skynsamlegri nýtingu og hagnaði mikilla fjárfestinga um leið og hagur komandi kynslóða sé ekki fyrir borð borinn. Það skiptir viðskiptavinum okkar og fólki í landinu miklu hvernig okkur tekst til í umhverfismálum ekki síður en verðlag þjónustunnar og áreiðanleiki hennar. Það skiptir fólki líka máli að fyrirtæki á borð við OR, sem er í almannægu, komi í hvívetna fram af virðingu fyrir fólki og réttindum þess. Í þeim efnunum beinum við nú sjónum að innkaupunum og skyldu okkar sem verkkaupa. OR má ekki láta það líðast að

aðföng til rekstursins séu framleidd án þess að tillit sé tekið til grundvallarréttinda þess fólks sem að framleiðslunni vinnur og að umhverfisáhrif séu sem minnst. Hið sama gildir um verktakafyrirtæki sem dótturfélög OR ráða til ýmissa verka. OR samstæðan þarf að beita sér fyrir því að réttindi sem talin eru sjálfsögð séu virt hjá verktökum okkar og aðstæður starfsmanna þær sömu og okkar.

Dregið hefur úr ýmsum umhverfisáhrifum starfseminnar. Mikið hefur áunnist í að lækka styrk brennisteinsvetnis í byggð, losun úrgangs hefur minnkað, endurvinnsla aukist og á árinu gerðum við opinbert með hvaða hætti samstæðan ætlar að minnka kolefnisspor starfseminnar um helming á næstu þrettán árum. Það markmið er vissulega metnaðarfullt en nauðsynlegt og reglulega verður gerð opinber grein fyrir því hvernig fyrirtækjunum miðar. OR hefur góða reynslu af slíku vinnulagi.

Fyrir rúmum sex árum settu eigendur OR sér annað metnaðarfullt meginmarkmið: að bæta sjóðstöðu fyrirtækisins um meira en 50 milljarða króna á tæpum sex árum, fyrir árslok 2016. Áætlanin að því marki, Planið, þótti sumum úr hófi kappsfull. Raunin varð sú að markmiðinu var náð þegar um mitt ár 2015 og í árslok 2016 nam árangurinn 60,2 milljörðum króna. Lykilatriðið var raunsætt mat eigenda á fjárhagsstöðu og rekstri Orkuveitunnar þegar lagt var upp í leiðangurinn og síðan öflugur stuðningur þeirra við stjórn fyrirtækisins, stjórnendur og starfsfólk meðan Planinu var fylgt eftir. OR hefur kappkostað að gera opinberlega grein



VEITUR




GAGNAVEITA  
REYKJAVÍKUR



ORKA NÁTTÚRUNNAR

**OR** Orkuveita Reykjavíkur





Skipurit samstæðu, mars 2017

fyrir framvindunni. Ársfjórðungslegar skýrslur OR um hvað tókst vel og hvað síður jók skilning á Planinu og traust á fyrirtækjunum.

Það tók á að ná markmiðum Plansins. Mörgu þurfti að breyta í rekstrinum sem snerti líðan og afkomu starfsfólksins með einhverjum hætti. Starfsfólki fækkaði mikið, mörg störf breyttust og margir færðu sig til starfi innan OR samstæðunnar. Samheldnin jókst þó á tímabilinu og vinnustaðargreining á starfsanda og starfsánægju, sem hefur verið gerð árlega um alllangt skeið, sýnir að starfsánægja hefur aukist jafnt og þétt og ekki mælst hærrí en í lok nýliðs árs. Þannig hafa þær breytingar sem fylgdu Planinu ekki einungis gert OR samstæðuna fjárhagslega sjálfbæra heldur gert hana að eftirsóttum vinnustað. Enn má gera margt betur. Átak okkar til að vekja áhuga kvenna


á iðngreinum hefur gengið vel en aðgangur að fólki með góða verkþekkingu er OR nauðsynlegur. Jöfn og stöðug fjölgun kvenna meðal stjórnenda innan OR samstæðunnar hefur gert vinnustaðinn betri og miklar vonir eru bundnar við að forysta OR í jafnréttismálum innan karllægra starfsgreina virki til að iðn- og tæknigreinar höfði betur til kvenna. Með jafnari skiptingu milli kynja í starfsgreinum og á starfsstöðvum verður vinnustaðurinn betri og eftirsóknarverðari fyrir bæði kynin.


Við vinnum eftir markmiðum sem okkur eru sett eða við höfum sett okkur sjálf og við mælum árangurinn reglulega. Almennur getur kynnt sér stöðu starfseminnar út frá mörgum þessara mælikvarða, meðal annars á vefjum fyrirtækjanna í samstæðunni. Það eru einnig til alþjóðleg viðmið um það hvort

starfsemi teljist sjálfbær. Í þessari ársskýrslu OR og meðfylgjandi umhverfisskýrslu og ársreikningi samstæðunnar er nú í annað sinn gefin skýrsla um það hvort samstæðan starfi af samfélagsábyrgð. Staðan er mæld með rúmlega hundrað sjálfbærnisum, sem settir eru fram undir merkjum GRI, Global Reporting Initiative. Þannig leggjum við kapp á að birta almenningi upplýsingar um flesta eða alla þá þætti sem settir eru fram í kjarnaviðmiðum (GRI Core) skýrslugjafar um sjálfbærni.

## 3. kafli

# Árið í hnotskurn












## 4. kafli

### Fjármál

# Fjármál


Vorið 2011 sammæltust eigendur OR, stjórn fyrirtækisins og stjórnendur um aðgerðaáætlunina Planið til að styrkja fjárhagsstöðu OR. Hverjum steini var snúið við í rekstri og fjárfestingum og gripið til aðgerða á öllum sviðum. Samhliða var skerpt á hlutverki fyrirtækisins í eigendastefnu og sameignarsamningi. Planið rann sitt skeið í árslok 2016 en aðgerðirnar og brýning stefunnar skilur eftir varanlegar umbætur á starfsháttum fyrirtækisins. Planið skilaði tilsettum árangri og gott betur. Innri aðgerðir, aðhald í rekstri og sala eigna, höfðu í árslok 2016 skilað 37,6 milljörðum króna í bættri sjóðstöðu og ytri aðgerðir, lán frá eigendum og leiðrétting gjaldskráa, 22,6 milljörðum til viðbótar. Samtals eru það 60,2 milljarðar króna. Takmarkið var 51,3 milljarðar. Árangurinn varð því verulega umfram markmið.

## REKSTUR OR 2012-2016




Mikill stöðugleiki einkennir helstu stærðir í rekstri OR síðustu ár. Aðhalds hefur verið gætt í rekstri og tekjur hafa vaxið. Útgjaldaauki ársins 2016 skýrist einkum af auknum launakostnaði vegna kjarasamninga og fjölgunar stöðugilda í tengslum við aukin og ný verkefni.

## EBITDA FRAMLEGÐ



Framlegð reksturs OR samstæðunnar hefur verið stöðug og góð síðustu ár.


## SKIPTING TEKNA EFTIR STARFSPÁTTUM



Tekjum af sérleyfisstarfsemi OR eru sett mörk í lögum og reglugerðum og lækkaði hluti þeirra í byrjun árs 2017. Raforkutekjur OR skiptast milli dreifingar og sölu og síðan skiptist salan á milli almenns markaðar og stórnotenda. Hitaveitur OR eru víðfeðmasta veitubjónustan og tekjur af fráveitu þurfa að standa undir miklum fjárfestingum í fráveitukerfunum.


## REKSTUR

### REKSTRARTEKJUR




Tekjuaukning OR á árabílinu 2012-2016 skýrist af því að verð fyrir þjónustu hefur fylgt verðlagsbreytingum að mestu og stígandi hefur verið í sölu á heitu vatni.

### REKSTRARGJÖLD




Aukningu rekstrargjalda árið 2015 mátti einkum rekja til aukinna raforkukaupa til endursölu. Sá þáttur lækkaði á árinu 2016 en á móti jókst launakostnaður vegna umsaminna hækkana. Stöðugildum fjölgaði á árinu 2016 vegna nýrra verkefna Veitna og ON og aukinna umsvifa Gagnaveitu Reykjavíkur.

### FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNSGJÖLD




Álverð á alþjóðamarkaði og gengisþróun hafa veruleg áhrif á reiknaðar stærðir sem ekki snerta sjóðsstreymi OR en færast til rekstrar. Í fyrsta skipti um árabíl urðu þessi áhrif jákvæð árið 2016 og hafa afgerandi áhrif á heildarniðurstöðu reksturs OR árið 2016.

### AFKOMA ÁRSINS




Afkoma reksturs OR án fjármagnsliða hefur verið stöðug og góð. Hagstæð þróun fjármagnsliða hafði veruleg áhrif á bættu heildarafkomu samstæðunnar árið 2016.

**EIGNIR**




Sú þróun sem sést á myndinni endurspeglar að OR seldi eignir utan kjarnastarfsemi og jók með því veltufé. Þar sem reikningar ON eru haldnir í bandaríkjadal, rýrnar bókfært virði virkjana í íslenskum krónum með lækkuðu gengi dalsins.

**SKULDIR OG EIGIÐ FÉ**




Eigið fé OR hélt áfram að vaxa á árinu 2016 og nam í árslok 121,5 milljörðum króna. Langtímaskuldir OR hafa lækkað um 52 milljarða króna á árabilinu.

**LAUST FÉ**



Pung skuldastaða OR og miklar afborganir undanfarin ár kölluðu á að meira laust fé væri fyrir hendi og styrking veltufjárhlutfalls einn af lykilárangursþáttum fjármála samstæðunnar.

**NETTÓ SKULDIR**




Skuldabyrði OR hefur minnkað mikið síðustu ár. Í árslok 2016 námu nettóskuldir 127,7 milljörðum króna. Þyngstur var skuldaþaggin í árslok 2009. Þá námu nettóskuldirnar 226,4 milljörðum króna og hafa því lækkað um 98,7 milljarða króna.




## SJÓÐSTREYMI

### HANDBÆRT FÉ FRÁ REKSTRI




Aukið handbært fé var OR nauðsynlegt til að greiða skuldir og mæta sveiflum í ytri áhrifaþáttum á afkomuna.

### LÁNASAFN MEÐ OG ÁN ÁHÆTTUVARNA




Gjaldeyrissamsetning tekna OR samstæðunnar er með öðrum hætti en samsetning skulda. Markmið eflra gjaldeyrisvarna og útgáfu skuldabréfa í íslenskum krónum á árinu 2016 er að draga úr rekstraráhættu vegna þessa misvægis.




Myndin sýnir þá þætti sem höfðu áhrif á handbært fé OR á árinu 2016. Lengst til vinstri sést staða þess í ársbyrjun og lengst til hægri í árslok. Fjárfestingar í virkjunum og veitukerfum hafa aukist verulega síðustu tvö ár og áfram verða skuldir greiddar niður.

### FJÁRFESTING Í REKSTRARFJÁRMUNUM



Vegna aðhalds voru fjárfestingar OR samstæðunnar með allra minnsta móti árin 2012-2014. Fjárfestingar í burðaræðum veitukerfa, nýjum fráveitum á Vesturlandi og Hverahlíðaræð á Hellsheiði voru umfangsmestu fjárfestingar OR á árunum 2015 og 2016.


### FJÁRMÖGNUNARHREYFINGAR



Myndin sýnir mismuninn á afborgunum lána og nýrri fjármögnun OR. Á árinu 2016 gaf OR út skuldabréf og víxla á innlendum markaði. Mismunur lántöku, afborgana og fjárfestinga mynda sterkara veltufjárhlutfall þar sem meira er í sjóði.


## AÐRAR KENNITÖLUR

### EIGINFJÁRHUTFALL




Eignifjárhlutfall OR fór lægst í um 14% árið 2009. Með bættri afkomu rekstursins og örrí endurgreiðslu lána hefur eignifjárhlutfallið styrkst og var í árslok komið yfir 40% markmiðið.

### VELTUFJÁRHUTFALL




Þegar Planinu var hleypt af stokkunum var lausafjárstaða OR slæm ekki síst þar sem aðgangur að fjármálamörkuðum var ekki fyrir hendi. Árangur Plansins og aðrar aðgerðir til að styrkja sjóðstöðu fyrirtækisins hafa bætt veltufjárhlutfallið. Áfram er unnið að því að styrkja það.

### NETTÓ SKULDIR / EBITDA



Mælikvarðinn sýnir hversu mörg ár það tæki OR að greiða upp skuldir fyrirtækisins ef allri framlegð rekstursins væri varið til þess. Ör niðurgreiðsla lána og stöðug framlegð hefur stýtt þennan tíma um nálægt tveimur þriðju frá árinu 2009.


### ARÐSEMI FJÁRMAGNS (ROCE)



Í eigendastefnu OR er kveðið á um innleiðingu mælikvarða sem sýni arðsemi þess fjármagns sem eigendur hafa bundið í rekstrinum. Hún skal að lágmarki vera umfram fjármagnskostnað fyrirtækisins að viðbættu eðlilegu áhættuálagi.

## PLANIÐ

### ÁRANGUR PLANSINS



Planinu var hleypt af stokkunum í byrjun apríl árið 2011. Skýrsla um framgang þess var gefin út ársfjórðungslega á gildistíma þess sem lauk í árslok 2016. Markmið Plansins var að bæta sjóðstöðu OR um 51 milljarð króna. Því marki var náð um mitt ár 2015. Heildarárangur Plansins nam 60 milljörðum króna. Það er 9 milljörðum króna umfram markmið eða 17%.

### PLANIÐ 2011-2016

Í milljörðum króna	Upphaflegt Plan	Niðurstaða
Lækkun fjárfestinga í veitukerfum	15,0	17,9
Eignasala	10,0	9,0
Lækkun rekstrarkostnaðar	5,0	8,0
Lækkun annarra fjárfestinga	1,3	1,4
Frestun fjárfestinga vegna fráveitu	0,0	1,3
<b>Samtals - Innri aðgerðir</b>	<b>31,3</b>	<b>37,6</b>
Víkjandi lán frá eigendum	12,0	12,0
Auknar tekjur vegna leiðréttingar gjaldskrár	8,0	10,6
<b>Samtals - Ytri aðgerðir</b>	<b>20,0</b>	<b>22,6</b>
<b>Samtals aðgerðaráætlan</b>	<b>51,3</b>	<b>60,2</b>

### LÁNSHÆFISMAT

Lánshæfismat er mikilvægt þeim fyrirtækjum sem skipta við erlendar fjármálastofnanir. Matið hefur þann tilgang að gefa lánveitendum hlutlæga mynd af stöðu og framtíðarhorfum fyrirtækisins. Lánshæfiseinkunn Orkuveitu Reykjavíkur og annarra íslenskra fyrirtækja getur aldrei orðið hærrí en einkunn ríkissjóðs. Einkunnagjöf OR nýtur góðs af ábyrgðum eigenda á lánum. Í dag meta þrjú fyrirtæki lánshæfi Orkuveitu Reykjavíkur: alþjóðlegu fyrirtækin Moody's og Fitch Ratings og Reitun innanlands.

	Moody's	Fitch Ratings	Reitun
Langtímaeinkunn	Ba2	BB	i.AA3
Horfur	Stöðugar	Stöðugar	Stöðugar
Útgáfudagur	Sept. 2016	Feb. 2017	Mars 2016







## 5. kafli

Veitur

# Veitur

Veitur sjá um uppbyggingu og rekstur veitukerfa sem flest eru starfrækt með sérleyfi. Fyrirtækið er hið stærsta á þessu sviði á Íslandi og rekur rafveitu, hitaveitur, vatnsveitur og fráveitur sem þjóna m.a. þéttbýlasta hluta landsins. Árið 2016 var fyrsta heila starfsár Veitna undir eigin merki.

Sjálfbærni þeirra samfélaga sem Veitur þjóna veltur að talsverðu leyti á því hvernig fyrirtækinu tekst að sinna hlutverkum sínum:

- að afla nægilegs og góðs vatns til neyslu og brunavarna,
- að skila rafmagn af réttum eiginleikum og öryggi til viðskiptavina,
- að útvega og dreifa nægu heitu vatni á réttu hitastigi,
- að meðhöndla og skila skólpi frá samfélögunum á hættulausan og umhverfisvænan hátt.

Þessi rekstur þarf að bera sig fjárhagslega með sem minnstum umhverfisáhrifum svo veitureksturinn og samfélögin sem hann þjónar fái staðist til langs tíma. Hér eru rakin helstu viðfangsefni ársins 2016 á þessum sviðum.

## Vatnsveita

Veitur reka vatnsveitu í Reykjavík og afla vatns fyrir Mosfellsbæ og Seltjarnarnes en eru ekki með dreifikerfi í þeim sveitarfélögum. Að auki reka Veitur vatnsveitur á Akranesi, í dreifbýli og þéttbýli Borgarbyggðar, Grundarfirði, Stykkishólmi og sumarhúsaveitu í Biskupstungum.

Árið var farsælt í rekstri vatnsveitnanna. Stærstu verkefni lutu að endurnýjun stórra stofnæða í Reykjavík sem treysta flutnings vatns milli borgarhluta og ráðist var í byggingu lokahúss við gatnamót Kringlumýrabrautar og Miklubrautar. Þrýsti- og rennslismælar voru settir upp við vatnsból á Akranesi og er búnaðurinn knúinn lítilli örvirkjun sem sækir afl í rennslíð í vatnsveitunni sjálfri. Vatnsbólíð verður þá í sólarhringsvöktun frá stjórnstöð Veitna á Bæjarhálsi. Á árinu var undirbúin aukin vatnstaka í Vatnsendakrikum sem er vatnstökusvæði ofarlega í Heiðmörk. Svæðið nýtir annan meginstraum grunnvatns en neðri vatnstökusvæðin og því er það öryggisatriði að auka vatnsöflun þar, beri eitthvað út af. Byggt verður yfir þrjár holur sem boraðar voru árið 1990 og þær virkjaðar. Tilhögun verksins ræðst af því að unnið er á brunnsvæði þar sem sérstakrar varúðar þarf að gæta við öll umsvif.


Vatnsverndarmál voru áfram í brennidepli. Þau komu til umræðu í kringum málarekstur eiganda húss á vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins sem gerði kröfu um afnotarétt af landi umfram það sem Veitur og OR töldu réttmætt. Dómsmál vegna þessa vannst fyrir héraðsdómi en því hefur verið áfrýjað. Þá skall hurð nærri hælum

síðla árs þegar lítilli flugvél var nauðlent ofarlega í Heiðmörk. Blessunarlega slapp flugmaðurinn ómeiddur og vatnsbólín ómenguð.

Undir lok ársins blöstu við Veitum vandkvæði í tveimur vatnsveitum. Í Reykholtssdal, þar sem nýtt vatnsból var tekið í notkun árið 2014, hefur eftirspurn aukist talsvert á sama tíma og vatnsbólíð virðist vera að dala. Í bigerð er borun tveggja holna til vatnsöflunar. Þá skutu á ný upp kollinum vandamál með grugg í vatnsbólínu í Grábrókarhrauni og er þar um að kenna ónýtum búnaði. Unnið er að úrbótum í samstarfi tæknifólks Veitna og vísindafólks á þróunarsviði OR.

Norræna vatnsveituráðstefnan, sú tíunda í röðinni, var haldin á Íslandi í september 2016. Hún var í umsjá Samorku, samtaka orku- og veitufyrirtækja, og tók starfsfólk Veitna drjúgan þátt í undirbúningi hennar og framkvæmd auk þess að flytja þar nokkur erindi. Á ráðstefnunni kom glöggt fram að Veitur hafa ýmsu að miðla og geta margt lært af nágrönnum okkar á öðrum Norðurlöndum. Augljóst var líka hversu vel við búum flest hér á landi með gnótt af hreinu vatni nánast við bæjardyrnar og

## HLUTFALL ÍSLENDINGA SEM HVER VEITA ÞJÓNAR



Á alþjóðlega klósettdaginn beita Veitur sér fyrir vitundarvakningu um umgengni við fráveituna. Blautpurkur eru einn mesti skaðvaldurinn í fráveitukerfinu. Þær stífla og slíta dælum.

öfluga viðtaka flestra fráveitukerfa sem eiga að gera Íslendingum kleift að standa sig vel í þeim efnunum.

### Rafveita

Veitur annast dreifingu rafmagns á svæði sem nær frá Hraunholtslæk í Garðabæ í suðri, um Kópavog, Reykjavík, Seltjarnarnes og Mosfellsbæ að Akranesi í vestri. Afhendingaröryggi á árinu 2016 var gott en alls voru straumleysismínútur 23 að meðaltali á hvern notanda. Þá eru rekstrartruflanir sem leiða til rafmagnsleysis metnar með hliðsjón af fjölda viðskiptavina sem þær hafa áhrif á og hversu lengi rafmagnsleysið varir. Þessu er svo deilt niður á alla viðskiptavini veitunnar og niðurstaðan segir til um áreiðanleika þjónustunnar.

Ný aðveitustöð rafmagns á Akranesi var tekin í notkun á árinu 2016. Hún var byggð í samstarfi við Landsnet sem sér um flutningsnet rafmagns milli landshluta og milli virkjana og notenda. Í tengslum við bygginguna var rafdreifikerfi Veitna í bænum uppfært og er nú rekið á 11 kílóvolta spennu í stað sex áður. Með þessum framkvæmdum eykst í senn flutningsgeta rafmagns til bæjarins og innan hans. Þar hefur eftirspurn aukist, ekki síst af hálfu fiskvinnslu sem skipt hefur úr mengandi oliubruna við bræðslu yfir í rafmagn.

Öflug stýring rafdreifikerfisins verður sífellt mikilvægari eftir því sem rafmagnið leikur stærra hlutverk í lífi fólks og það getur síður verið án þess. Í október var tekinn í notkun nýr vél- og hugbúnaður, svokallaður kerfiráður, í stjórnstöð rafdreifikerfis Veitna á Bæjarhálsi. Yfirsýn yfir rafdreifikerfið, ástand þess og tengileiðir á hverjum tíma, stórbatnar og farið er úr því að setja títuþjóna í kort á vegg yfir í heilan vegg af tölvuskjám. Undirbúningur fyrir kaup á nýja kerfiráðnum og uppsetningu hans hófst árið 2012.

Í byrjun september 2016 varð banaslys þegar rafvirkni hjá Veitum lést eftir að hafa fengið í sig straum úr heimtaug sem átti að

vera straumlaus. Þetta var mikið áfall fyrir starfsfólk og fyrirtækið sjálft. Brugðist var við með nákvæmri yfirferð á því verklagi sem fylgja á og í framhaldinu gerðar á því breytingar. Alvarlegri og ömurlegri áminning um að hægt sé að gera betur í öryggismálum starfsfólks er vandfundin en þegar horft er á eftir góðum vinnufélaga.

### Hitaveita

Veitur leggja metnað í að veita trausta og góða þjónustu og hafa þróað mælikvarða fyrir heita vatnið sem svarar til straumleysismínútnanna í rafveitubjónustunni. Vatnsleysismínútur í hitaveitum Veitna árið 2016 reyndust 35 talsins. Árið 2015, þegar stuðullinn var fyrst reiknaður, voru þær aðeins níu. Þessi aukning verður vegna stórra framkvæmda í þéttbýli þar sem einstaka lokanir höfðu áhrif á marga viðskiptavini. Má þar t.a.m. nefna endurnýjun Reykjaæða sem flytja heitt vatn frá Mosfellsbæ til Reykjavíkur. Þar sem Veitur vita ekki af öðrum hitaveitum hér á landi sem reikna stuðullinn út og þetta er einungis annað árið sem Veitur gera það, er samanburður erfiður.

Traustar meginæðar hitaveitna eru mikilvægar afhendingarörygginu. Endurnýjun slíkra æða var fyrirferðarmikil í fjárfestingum ársins 2016. Á Ártúnsholti voru Reykjaæðar endurnýjaðar. Þær veita vatni frá jarðhitasvæðunum í Mosfellsbæ til Reykjavíkur. Áfram var unnið að áætlun um endurnýjun Deildartunguæðar í Borgarfirði og samningar náðust við landeigendur um endurnýjun aðalæðar hitaveitunnar í Þorlákshöfn og gert er ráð fyrir að framkvæmdir hefjist árið 2017.

Á nokkrum stöðum fást Veitur, ásamt vísindafólki á þróunarsviði OR, við að efla heitavatnsöflun til skemmri eða lengri tíma. Jarðhitasvæðið í Hveragerði hefur verið kvikt síðustu ár og einstakar borholur verið sveiflukenndar í afköstum. Unnið er að úrbótum þar sem og í Rangárveitu. Þá þarf að halda augum opnum fyrir frekari




vatnsöflun fyrir hitaveitu Veitna sem þjónar Akranesi og Borgarbyggð. Forðamál standa vel í stærstu hitaveitunni, þeirri á höfuðborgarsvæðinu, þar sem nýtingarsvæði lág-hita eru í góðu jafnvægi og fyrirsjáanlegt að virkjanir Orku náttúrunnar á Hengillssvæðinu geti annað eftirspurn um langt árabíl.

### Fráveita

Á árinu var unnið hörðum höndum að uppbyggingu nýrra fráveitukerfa á Akranesi, í Borgarnesi og á Kjalarnesi. Meðal annars var byggð dælu- og hreinsistöð á Akranesi. Þar voru einnig lagðar sjólagningar, sem og við Borgarnes og Kjalarnes og á nýju ári sér fyrir endann á því gríðarlega mikilvæga umhverfisverkefni að fráveitur þessara byggða standist opinberar kröfur. Ánægjulegt var líka að sjá niðurstöður ítarlegra rannsókna á umhverfisáhrifum fráveitunnar á Sundunum utan við Reykjavík, sem reynast engin.

Almenningur virðist gera sér sífellt betri grein fyrir mikilvægi góðra fráveitna fyrir heilbrigði samfélaga og mikilvægi réttar umgengni um klósettin fyrir góðar fráveitur. Þar eiga fráveitusérfræðingar Veitna þátt með öflugum herferðum í kringum alþjóða klósettdaginn sem Sameinuðu þjóðirnar efna til 19. nóvember ár hvert. Í samstarfi við þjónustusvið OR leita Veitur stöðugt nýrra leiða til að vekja athygli fólks á fráveitunum.

Þróun fráveitunnar næstu ár mun ekki síst felast í að finna skynsamlegar leiðir til að minnka álagið á fráveitukerfunum. Það má gera með því að draga úr vatnsmagninu



Fjárfestingar í veitukerfum drógust mjög saman á árunum eftir hrun. Tvennt kom til; sparnaður hjá Veitum og að nýbyggingar lögðust nánast af og þar með þörf fyrir tengingu þeirra við veitukerfin. Umfang fjárfestinga næstu ára gefur til kynna að nokkuð þarf að vinna upp í viðhaldi en að fjárfestingarþörf Veitna mun síðan haldast meira í hendur við uppbyggingu húsnæðis á hverjum tíma.

sem nú er veitt í kerfið. Svokallaðar blágrænar yfirborðslausnir eru nú í deiglu. Þær felast í því að hönnun borgarumhverfisins er með þeim hætti að yfirborðsvatni – regni eða snjóbráð – sem nú er veitt um niðurföll í ræsin, er leyft að safnast saman þar til jarðvegurinn tekur við því. Veitur eiga nú í frjóu samstarfi við Reykjavíkurborg um þróun slíkra lausna með það að markmiði að draga úr flóðbylgjum inn í fráveitukerfið. Þær leiða til þess að dælu- eða hreinsistöðvar fara á yfirfall með tilheyrandi tímabundnum umhverfisáhrifum í næsta nágrenni þeirra.

**Loftslagsáhrif**

Margt er á huldu um áhrif fyrirsjáanlegra loftslagsbreytinga á Íslandi. Líkön vísindamanna gefa ýmist til kynna hlýnun eða jafnvel kólnun hér á landi. Í hvora áttina sem þróunin verður þurfa Veitur að vera undir það búnað að bregðast við. Hækkandi sjávarstaða hefur áhrif á fráveitukerfið, bráðnandi jöklar geta breytt grunnvatnsstöðu í nálægum vatnsbólum, kólnandi tíð gerir meiri kröfur til hitaveitnanna og öfgar í veðri eru áraun á öll veitukerfin.

Íslendingar eru vanir að fást við margskonar vá og innviðir samfélagsins til að takast á við ýmis uppátæki náttúraflanna eru traustir. Veitur æfa reglulega neyðarviðbrögð við hættuástandi og eru að því leyti ágætlega í stakk búnað að takast á við hugsanlegar hættur af slíkum völdum. Viðvarandi breytingar á umhverfi okkar á borð við loftslags-

breytingar eru annars eðlis. Óvissan um þær er mikil og á þessu stigi virðast skynsamlegustu viðbrögðin einkum af tvennum toga; að gæta að því að borð sé fyrir báru í afköstum veitukerfa og að draga úr loftslagsáhrifum af eigin starfsemi.

**Loftslagsyfirlýsing**

Í félagi við önnur fyrirtæki innan samstæðu OR eru Veitur aðili að loftslagsyfirlýsingu Reykjavíkurborgar og Festu og kynntu um mitt ár 2016 þær leiðir sem fyrirtækið hyggst fara til að draga úr gróðurhúsaáhrifum af starfseminni. Sóknarfæri Veitna liggja helst á þremur sviðum:

- Með því að auka endurvinnsluhlutfall úrgangs á verkstað.
- Með minni losun vegna framkvæmda og viðhalds veitukerfa.
- Með því að vinnuflokkabílar gangi fyrir loftslagsvænum orkugjöfum.

Veitur hafa sett sér töluleg markmið um samdrátt í losun gróðurhúsalofts og birta árangurinn reglulega ásamt öðrum fyrirtækjum í samstæðu OR.

**Þjónustan**

Ef litið er eingöngu til hversu áreiðanlegur aðgangur viðskiptavina var að þeim gæðum sem veitukerfin miðla, var frammistaða fyrirtækisins góð á árinu 2016. Þjónustugæði ráðast hinsvegar af fleiri þáttum; viðmóti starfsfólks á skrifstofum og á verkstað, aðgengi að upplýsingum um þjónustu Veitna og ekki síst væntingum viðskiptavina

til þjónustunnar að teknu tilliti til þess verðs sem þeir greiða fyrir hana.


Sameiginlegt þjónustusvið OR samstæðunnar sér um almenn samskipti við viðskiptavini og fylgist grannt með sóknarfærum í þeim efnum. Gerðar eru reglulegar þjónustukannanir til að hægt sé að bregðast við í þeim efnum þar sem gera má betur. Almenn niðurstaða kannana ársins 2016 voru að markmiðum um heildar-einkunn var náð en ýmsar vísbendingar fengust um hvar megi gera betur. Viðskiptavinir Veitna vilja geta sótt þjónustu eftir algengustu samskiptaleiðum þegar þeim hentar. Þess vegna lögðu Veitur höfuðáherslu á það á árinu 2016 að gera algengustu þjónustu aðgengilega í tölvum og sínum. Sjálfþjónusta var þannig leiðarljós ársins.

Viðskiptavinir Veitna vilja geta sótt þjónustu eftir algengustu samskipta-leiðum þegar þeim hentar. Þess vegna lögðu Veitur höfuðáherslu á það á árinu 2016 að gera algengustu þjónustu aðgengilega í tölvum og sínum. Sjálfþjónusta var þannig leiðarljós ársins.

Breytingar á skráningum samskipta við viðskiptavini undir lok árs 2016 gáfu kost á að greina betur efni erinda þeirra. Nærri helmingur erinda snerist um álestur og flutninga. Sú þjónusta verður sífellt auðsóttari á þjónustu- og viðskiptamannasíðum á vefjum. Næst mesti fjöldi erinda laut að reikningum




## FYRIRVARALAUÐ BRESTUR Á ÞJÓNUSTU



Áreiðanleiki veitubjónustu er mældur með því að deila samanlögðu umfangi þeirra fyrirvaralauðu trufllana sem verða á hverju ári niður á hvern notanda. Fylgst hefur verið með afhendingaröryggi rafmagns um árabíl en Veitur hafa þróað verklag til að mæla áreiðanleika þjónustu annarra veitukerfa. Fjölgun trufllana má væntanlega rekja til fjölgunar tilvika þar sem grafið er í strengi og lagnir og að eftir hrun dró úr viðhaldi veitukerfanna. Afhendingaröryggi rafmagns (99,996%) hjá Veitum telst þryðilegt Samanburður við aðrar hitaveitur (99,993%) og vatnsveitur (100%) er ekki fyrir hendi.

## HEILDARÁNÆGJA VIÐSKIPTAVINA VEITNA 2016



Þjónustusvið OR sinnir framlínubjónustu fyrir dótturfélögin í þjónustuveri og á vettvangi. Gerðar eru reglulegar kannanir á ánægju þeirra viðskiptavina sem hafa verið í sambandi við fyrirtækið í tengslum við þjónustu þess. Unnið er úr niðurstöðum með skipulögðum hætti til að bæta þjónustu.

og innheimtu. Opinberar kröfur um framsetningu reikninga eru talsverðar og á hverjum er fjöldi talna með upplýsingum um notkun og verð. Samspil áætlanareikninga og uppgjörsreikninga einfalda ekki málin fyrir mörgum viðskiptavinum. Binda má vonir við að með snjallvæðingu notkunarmælinga, þegar ávallt er innheimt fyrir raunnotkun á hverju tímabili, fækki erindum af þessu tagi.

Á árinu var ráðist í nákvæma úttekt á fýsileika þess að snjallvæða mælakerfi Veitna. Þar sem slík kerfi hafa verið snjallvædd er það gert í því augnamiði að auðvelda neytendum orkusparnað.

### Þróun fjárfestinga Veitna

Efnahagshrunið á Íslandi og áhrif þess á fjárhag OR hafði mikil áhrif á fjárfestingar í veitukerfum Veitna. Dregið var saman á öllum sviðum og umbótaverkefnum slegið á frest þar til betur áraði. Efnahagsbati

siðustu missera hefur meðal annars birst í mikilli fjölgun nýbygginga, einkum á höfuðborgarsvæðinu en líka utan þess þar sem ferðaþjónusta er umfangsmikil. Starfsfólk Veitna fann glöggst fyrir þessari þróun á árinu 2016.

Það er sérstök áskorun fyrir uppbyggingu veitukerfanna að í samræmi við svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins og aðalskipulag margra sveitarfélaga er verulegur hluti nýbygginga innan eldri hverfa. Þessi þétting byggðarinnar krefst umfangsmikilla greininga á afköstum þeirra lagna sem fyrir eru í hverfunum og verulegs rasks ef bæta þarf þar í. Undirbúningur allur þarf því að vera vandaður og tímanlegur til að góðar og hagkvæmar lausnir finnist á útfærslu á hverjum stað. Það er ein ástæða þess að framkvæmdastjóri Veitna hóf á árinu 2016 skipulagðar heimsóknir til sveitarstjórna þeirra sveitarfélaga sem fyrirtækið þjónar í því skyni að efla skilning á stöðu veitu-

kerfanna gagnvart skipulagsákvörðunum og tengja saman það starfsfólk Veitna og sveitarfélaga sem þarf að vinna saman að uppbyggingu.

### Stjórn Veitna

Fjölgað var í stjórn Veitna á aðalfundi 2016 úr þremur stjórnarmönnum í fimm. Það er til samræmis við önnur dótturfyrirtæki OR. Ingvar Stefánsson var kjörinn formaður stjórnar og önnur í stjórn eru Guðrún Sævarsdóttir, Guðni Axelsson, Skúli Skúla-son og Sólrún Kristjánsdóttir. Inga Dóra Hrólfssdóttir er framkvæmdastjóri Veitna.



## 6. kafli

### Orka náttúrunnar

# Orka náttúrunnar

Orka náttúrunnar (ON) vinnur rafmagn og heitt vatn, einkum úr jarðhita, selur rafmagnið á samkeppnismarkaði og heitt vatn í heildsölu til Veitna. Fyrirtækið er leiðandi í uppbyggingu innviða fyrir rafvæðingu samgangna á Íslandi. Á árinu 2016 vakti heimsathygli sá árangur sem náðst hefur í loftslagsmálum við Hellsisheiðarvirkjun með því að breyta jarðhitagasi í grjót.

Lykilþættir í árangri ON eru sjálfbær orkuvinnsla, hagkvæmur rekstur, góð þjónusta og samkeppnishæft verð. Ýmsar áskoranir blasa við í auðlindanýtingu á Hengilssvæðinu. Á árinu hófst gufuöflun frá Hverahlíð og tókst með því að sporna við samdrætti í afköstum Hellsisheiðarvirkjunar. Vel gekk að þróa eigið vélaviðhald ON á Hellsisheiði og vísbendingar eru um að það spari ekki bara

fé heldur séu viðgerðirnar vandaðri en þær sem áður voru sóttar til útlanda.

## Íslenska ánægjuvugin 2016


Við stofnun ON tók fyrirtækið við af OR sem þátttakandi í Íslensku ánægjuvuginni. Það er ein umfangsmesta könnun á viðhorfi viðskiptavina til íslenskra fyrirtækja sem gerð er. Árið 2016 var Orka náttúrunnar í fyrsta

sinn handhafi Íslensku ánægjuvogarinnar sem sú raforkusala sem viðskiptavinum féll best í geð og ánægja viðskiptavina tók mikið stökk upp á við frá fyrra ári.


## Slysalaus stórfamkvæmd

Lagning gufuæðar frá Hverahlíð að Hellsisheiðarvirkjun var mikil framkvæmd. Lögnin var tekin í notkun í byrjun árs 2016 og frá-

## RAFORKUVINNSLA Í VIRKJUNUM ON



## EINKUNN ON Í ÍSLENSKU ÁNÆGJUVUGINNI







Bjarni Már Júlíusson, framkvæmdastjóri ON, og samstarfsfólk tekur við viðurkenningu eftir að í ljós kom að ON er sú raforkusala í landinu sem býr við mesta ánægju viðskiptavina sinna.

gangi lokið á sumarmánuðum. Sú nýbreytni var í verkefninu að við undirbúning þess voru öryggismál og umhverfismál sett í forgang, fram yfir hefðbundna mælikvarða verkefnisstjórnunar; kostnað, tíma og gæði. Þetta skilaði sér í slysalausu verkefni en alls fóru í verkið um 460 þúsund vinnustundir starfsfólks ON en einkum starfsfólks verkataka. Til samanburðar vinnur starfsfólk allrar OR samstæðunnar um 800 þúsund vinnustundir ár hvert. Tímaáætlun verksins stóðst engu að síður og kostnaður var innan viðunandi marka.

„Slys eru off“ eru einkunnarorð verkefnis sem ON vann að á árinu og miðar að efltri öryggismenningu innan fyrirtækisins og meðal verkataka á þess vegum. Starfsfólk fyrirtækisins, einkum virkjanastarfsmenn, vinna í varasömu umhverfi þar sem heit gufa, háspennit rafmagn og varasamt jarðhitaloft kemur saman. Stöðug árvekni í öryggismálum er nauðsynleg og uppbyggileg samvinna starfsfólks, þar sem það vaktar hvert annað, er leið sem vitað er að getur gefist vel. Ábendingar til samstarfsfólks eru jákvæðar í þeirri öryggismenningu sem verið er að innleiða. Markmiðið er að allir njóti þess sjálfsgæða réttar að koma heilir heim að loknum vinnudegi.

### Fjallið

Vísinda- og tæknifólk ON og OR unnu á árinu að áætlunum til að bregðast við þeim áskorunum sem blasa við í jarðhitanýtingu á Hengilssvæðinu. Verkefnið fékk heitið Fjallið. Meginvandinn er að nýtingarsvæði Hellisheiðarvirkjunar er minna en í fyrstu var talið. Jafnframt aukinni gufuöflun utan þess svæðis er mikilvægt að finna hentug niður-

dælingarsvæði, þannig að förgun jarðhitavatts verði ekki flöskuháls í orkuvinnslunni, og að draga úr varmalosun við Nesjavallavirkjun. Öll viðfangsefni miða að því að efla sjálfbærni vinnslunnar og draga úr umhverfisáhrifum. Þessi kerfisbundna yfirferð nýrra og eldri gagna leiddi til þess að fjárfestingarspár ON voru lækkaðar í upphafi ársins 2017. Fjárfestingaþörf er þó áfram talsverð.

Raforkuvinnsla ON jókst á árinu 2016 frá fyrra ári. Verðið sem ON fær fyrir rafmagnið í sölu til stóriðju er tengt álverði og í bandaríkjadöllum. Álverð hækkaði á árinu, þótt það teldist enn tiltölulega lágt þegar litið er til lengra tímabils. Á móti lækkaði gengi bandaríkjadals miðað við íslenska krónu verulega. Afkoma fyrirtækisins var ekki sú sem vænst var og þær aðgerðir sem gripið er til í fjárfestingum og rekstri miða að því að bæta þar úr sem fyrst.

### Gas í grjót

Margir af útbreiddustu fjölmiðlum heims fjölluðu á árinu um nýsköpunar- og þróunarverkefni sem starfsfólk ON og OR hafa unnið að við Hellisheiðarvirkjun frá árinu 2007. Gas í grjót er heiti sem verkefnið fékk á árinu. Það á rætur sínar í verkefninum CarbFix og SulFix sem bæði felast í því að binda koltvioxíð og brennistein í basalt jarðlögum á Hengilssvæðinu. Ástæða þessa áhuga eru vísbendingar verkefnisins um hvernig glíma megi við loftslagsvanda jarðarþví með árangursríkum hætti. Í júní birtist grein í tímaritinu Science þar sem vísindamenn sem vinna að verkefninu Gas í grjót lýsa því hvernig það tókst á tveimur árum að binda um 95% af koltvioxíðinu úr

gufunni frá virkjuninni í jarðlögum. Um 0,4% útblásturs virkjunarinnar, sem að öðru leyti er að mestu vatnsgufa, er koltvioxíð.

Sumarið 2014 var tekin í notkun loftþreinsistöð við Hellisheiðarvirkjun. Í stöðinni eru koltvioxíð og brennisteinsvetni skilin frá öðru jarðhitalofti sem ekki leysist upp í vatni. Stöðin var rekin í tilraunaskyni í eitt ár áður en ákvörðun var tekin um að tvöfalda afköst hennar. Því starfi lauk í júlí 2016 og segja má að verulega hafi dregið úr brennisteinsvandanum við jarðhitanýtinguna á Hellisheiði.

Auk umfangslegra fjölmiðla um verkefnið vakti málefnið talsverða athygli á loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Marrakesh í Marokkó í nóvember þar sem um það var sérstaklega fjallað af hálfu Íslands og annarra Norðurlanda í baráttunni gegn loftslagsbreytingum af mannvöldum.


ON bindur vonir við að hægt sé að hagnýta jarðhitaloftið, meðal annars til vinnslu á umhverfisvænu eldsneyti. Sú viðskiptaþróun mun halda áfram en á árinu 2016 var gerður samningur við sprotafyrirtækið geoSilica um hagnýtingu kísils frá Hellisheiðarvirkjun. Rétt eins og jarðhitaloftið hefur kísill í jarðhitavökvanum þótt slæmur fylgifiskur nýtingar jarðhitans.

### Loftslagsmarkmið ON

ON er aðili að loftslagsfyrirlyngu Reykjavíkurborgar og Festu sem lögð var fram á loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í París í árslok 2015. Um mitt ár 2016 settu ON og OR fram töluleg markmið í samdrætti kolefnisspors. Heildarmarkmiðið er



## VINNSLA Á HEITU VATNI Í VIRKJUNUM ON



hellingssamdráttur og það sem snýr að ON er einkum að:

- bora eftir gufu með raforku í stað díselolíu
- hagnýta jarðhitaloft
- auka bindingu jarðhitalofts í jörðu.

Í samræmi við þau fyrirheit sem í loftslagsyfirlýsingunni felast mun ON birta reglulega upplýsingar um árangurinn af verkefnum.

### Rafmagníð í umferð

ON hefur ekki einungis sett sér það markmið að minnka kolefnisspor sitt heldur gera öðrum það kleift líka og hefur þess vegna verið leiðandi í uppbyggingu innviða fyrir rafvæðingu samgangna. Á árinu 2016 voru settar upp þrjár nýjar hraðhleðslustöðvar fyrir rafbíla, tvær á Akureyri og ein við Hellsheiðarvirkjun. Með því eru stöðvarnar orðnar 13 talsins.

Undir lok árs tilkynnti atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið um ráðstöfun liðlega 200 milljóna króna styrkjafjár til uppbyggingar hleðslustöðva fyrir rafbíla. ON hlaut hæsta styrkinn, 57,1 milljón króna og kynnti þau áform sín að loka hringnum, það er að varða hringveginn um Ísland með hraðhleðslustöðvum. Jafnframt verða settar upp svokallaðar millihleðslustöðvar. Það er nokkru tímafrekara að hlaða rafbíla í þeim en þær eru talsvert ódýrari en hraðhleðslustöðvarnar og því eftirsóknarverðari fyrir þá aðila sem leitað hafa til ON um samstarf í uppbyggingu þessarar þjónustu.

### Miðlun fróðleiks

Straumur ferðamanna til Íslands árið 2016 var fordæmalaus og beinist áhugi margra þeirra að nýtingu jarðvarmans. Orka náttúrunnar er með umfangsmestu starfsemi allra íslenskra fyrirtækja á því sviði og á nýliðnu ári var Jarðhitasýningin í Hellsheiðarvirkjun í fyrsta sinn að fullu leyti í umsjón þess. Þangað komu sem aldrei fyrr almennir ferðamenn, fjölmiðlafólk, vísindamenn og áhrifafólk með áhuga á jarðhita og hagnýtingu hans. Á árinu hlaut sýningin viðurkenningu hins útbreidda ferðavefjar Trip Advisor sem framúrskarandi viðkomustaður.

Skráðir gestir Jarðhitasýningarinnar 2016 voru um 80 þúsund. Þar af voru um 95% útlendingar. Þjónustukannanir meðal gesta leiddu í ljós mikla ánægju gesta. ON ætlar að þróa Jarðhitasýninguna þannig að hún höfði meira til Íslendinga. Í því skyni var efnt til opins fjölskyldudags á Jarðhitasýningunni í nóvember þar sem fjöldi ungra og eldri Íslendinga naut fróðleiks og skemmtunar. Hellsheiðarvirkjun er vel í sveit sett með að verða miðstöð útivistar á Hengils-svæðinu þar sem fyrirtækið viðheldur um 100 kílómetrum stíkaðra göngustíga. Þar getur Jarðhitasýningin gegnt lykilhlutverki.

Starfsfólk ON kynnti ekki bara starfsemina á heimavelli heldur tók þátt í fjölda funda og ráðstefna þar sem umfjöllunarefnið snerti starfsemi ON, einkum jarðhitanýtingu og rafvæðingu samgangna. Má þar nefna innlegg á IGC jarðhitaráðstefnunni, alþjóðlegri ráðstefnu um vörumerki í orkugeiranum, loftslagsfundum Festu, vistvænum bíla-

dögum Heklu, vinnustofu Íslenska ferðaklasans um orkumál og fundi Samorku og Íslandsbanka um vistvænar samgöngur svo dæmi séu tekin.

Breytingar á skráningum samskipta við viðskiptavinum gáfu kost á að greina betur efni erinda þeirra. Verulegur hluti þeirra snerist um götulýsingu en ON sér um rekstur hennar fyrir sveitarfélög, Vegagerðina og einkaaðila án þess þó að ráða þjónustustíginu. Verulegum hluta ábendinga er því komið beint áfram til viðkomandi kaupanda þjónustunnar en á meðal þeirra er Reykjavíkurborg stærst.

### Stjórn

Stjórn ON skipuðu Bjarni Bjarnason, formaður, Hildigunnur H. Thorsteinsson, varaformaður, Bolli Árnason, Hólmfríður Sigurðardóttir og Sveinbjörn Björnsson. Framkvæmdastjóraskipti urðu hjá ON á árinu 2016. Um miðjan nóvember tók Bjarni Már Júlíusson við starfinu af Páli Erland.



on

Самая высокая  
качество обслуживания







**GAGNAVEITA**  
REYKJAVÍKUR

## 7. kafli

Gagnaveita Reykjavíkur

# Gagnaveita Reykjavíkur

Gagnaveita Reykjavíkur (GR) er fjarskiptafélag stofnað árið 2007 með það að markmiði að veita íslenskum heimilum og fyrirtækjum aðgang að opnu háhraðaneti Ljósleiðarans. Aldrei hefur GR tengt jafnmörg heimili Ljósleiðaranum og árið 2016 um leið og samkeppni harðnaði á þeim markaði sem fyrirtækið keppir á.

Í ársskýrslu 2015 voru tiltekin nokkur lykiltríði sem koma því til leiðar að Gagnaveitan heldur ekki aðeins velli í virkri samkeppni heldur sækir fram. Á árinu 2016 voru stigin veigamikil skref í þessa átt. Í tölfunni hér fyrir neðan eru þessi lykiltríði tilgreind og nánari grein gerð fyrir þeim síðar í skýrslunni.

## Ljósleiðari alla leið

Ljósleiðari sem lagður er alla leið inn á heimili fólks er orðin viðtekin tækni í fjarskiptaþjónustu. Þessi leið þótti sumum óþarflega metnaðarfull fyrir rúmum áratug þegar GR gerði fyrstu samningana um að ljósleiðaravæða heimili í þéttbýli heilla sveitarfélaga. Örar samfélagsbreytingarnar hafa hinsvegar styrkt þessa ákvörðun og fyrir

vikið er Ljósleiðari GR orðinn viðmið á markaði. Það hefur þau áhrif að samkeppnin harðnar einkum við þann aðila sem enn er markaðsráðandi.

Tækniþróun samfélagsins á sviði fjarskipta er hröð og fyrirtæki á borð við GR þurfa að vera vakandi fyrir henni. Snemma árs samdi Gagnaveitan við alþjóðlega tæknirísann Cisco um þróunarsamstarf. Fyrirtækin munu kynna og koma að verkefnum sem snúa að hágæðalausnum sem nýta Ljósleiðara GR. Samstarfið á líka að gera fyrirtækjum sem bjóða snjalllausnir og alnetslausnir kleift að nýta Ljósleiðarann til innleiðingar, tilviksrannsóknna og annarra tilrauna á þeim hér á Íslandi. Þegar samningurinn var gerður í febrúar var því heitið að viðskiptavinum GR myndi gefast kostur á eins gígabits tengingraða fyrir árslok. Það væri tvöföldun frá þeim 500 megabíttum sem þeim stóð áður til boða.

## Eitt gígabit afhent í október

Fjölgun nettengdra tækja á hverju heimili krefst traustra innviða. Í samræmi við fyrirheitin í febrúar hóf GR að bjóða eins gígabits tengingu í október. Var framtakinu vel tekið af viðskiptavinum. Peter Karlströmer, einn af æðstu stjórnendum Cisco í Evrópu, orðaði það svo að með þessari ákvörðun væri net GR orðið „fullkominn prófunarstaður fyrir frumkvöðla og aðra þá sem þróa snjallar lausnir, þar á meðal fyrir snjallborgir og snjallsamfélög, snjallheimili og internet allra hluta.“


Lykilatriði	Áfangar 2016
Samkeppnishæfni ljósleiðara í samanburði við aðra tækni	Þjónustustig Ljósleiðarans var aukið til muna árið 2016.
Afköst, upptími og öryggi tenginga	Afköst voru aukin í eitt gígabit á sekúndu og fyrirtækið stóðst kröfur um upptíma og öryggi
Útbreiðsla ljósleiðaranets og kaup heimila á þjónustu um það	Aldrei hafa fleiri heimili verið tengd en árið 2016 og fjölgun viðskiptavina aldrei verið meiri.
Verð og þjónusta	„Ein heimsókn“ var tekin upp. Fyrsta verðbreytingin hjá GR í rúm þrjú ár var á árinu.
Vilji þjónustuaðila til að nýta opið ljósleiðaranet GR.	Nova bættist í hóp þeirra fjarskiptafélaga sem bjóða þjónustu um Ljósleiðarann og samstarf var efit við fyrri viðskiptavini.



Rúmur áratugur er síðan GR hóf að ljósleiðaravæða heimili í þéttbýli. Tækniþróun hefur verið hröð og árið 2016 bauð fyrirtækið viðskiptavinum upp á eins gígabits tengingraða.




## HLUTFALL HEIMILA Í PÉTTBÝLI TENGD LJÓSLEIÐARANUM Í ÁRSLOK 2016



Á árinu 2016 var áfram unnið að tengingu Ljósleiðara við heimili í þéttbýli. Stefnt er á að ljúka vinnu við þéttbýli í Kópavogi í ár og við önnur sveitarfélög sem nefnd eru í myndritinu fyrir lok ársins 2018.

## HEILDARÁNÆGJA VIÐSKIPTAVINA GR 2016



GR kannar reglulega ánægju viðskiptavina með þjónustu fyrirtækisins. Myndritið sýnir þróun hennar eftir fjórðungum ársins 2016. Einkunnin fjórir eða hærrí tala er markmið GR.

### Ein heimsókn

Samstarf hefur verið próað við fjarskipta-fyrirtækin sem veita þjónustu um þetta gæðasamband, þannig að í langflestum tilvikum dugar ein heimsókn á hvert heimili til að setja upp tengibúnað og prófa hann. Það gekk vel að stíga þetta skref í bættri þjónustu við viðskiptavina á liðnu ári.

Öðrum mikilvægum áfanga var náð þegar Nova bættist þar í hóp Vodafone, 365, Hringiðunnar, Hringdu og Símafélagsins.

### Loftslagsmál

Með því að netsamskipti leysa af hólmum ýmsar umsvifafrekar samskiptaleiðir í samfélaginu og með því að orkan sem drífur Ljósleiðarann er umhverfisvæn má segja að starfsemi GR sé vistvæn í eðli sínu. Það dregur ekki úr kröfum sem fyrirtækið

gerir til sín um að draga úr loftslagsáhrifum í rekstri. GR er aðili að loftslagsyfirlýsingu OR samstæðunnar. Í henni felast mælanleg markmið um að draga úr losun gróðurhúsalofts í starfsemi eins og kostur er. Sóknarfæri Gagnaveitunnar í þeim efnum snúa einkum að:

- vinnuvélar gangi fyrir umhverfisvænni orku.
- aukinni endurvinnslu úrgangs á verkstað.
- aukinni endurvinnslu úrgangs á skrifstofum.
- umhverfisvænni samgöngum starfsfólks til og frá vinnu.
- aukinni notkun rafrænna lausna í samskiptum innan GR og við verktaka og viðskiptavina og þar með minni pappírnotkun.

Rekstur Gagnaveitunnar er hluti af tölu- legum markmiðum OR samstæðunnar um samdrátt í losun gróðurhúsalofts og birtir fyrirtækið árangurinn reglulega ásamt öðrum fyrirtækjum í samstæðu OR.

### Stjórn

